

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 237/2023

2024/EES/35/48

frá 22. september 2023

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir,
staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2305 frá 24. nóvember 2022 um endurnýjun á samþykki fyrir áhættulitla virka efni fisklýsi, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2314 frá 25. nóvember 2022 um endurnýjun á samþykki fyrir virka efni *Pythium oligandrum* af stofni M1, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ⁽²⁾.
- 3) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirliðum er bætt við lið 13a (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011):
 - „– **32022 R 2305:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2305 frá 24. nóvember 2022 (Stjtið. ESB L 305, 25.11.2022, bls. 53),
 - **32022 R 2314:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2314 frá 25. nóvember 2022 (Stjtið. ESB L 307, 28.11.2022, bls. 47).“
2. Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 13zzzzzzzzzzzz (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2315):
 - „13zzzzzzzzzzzza. **32022 R 2305:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2305 frá 24. nóvember 2022 um endurnýjun á samþykki fyrir áhættulitla virka efni fisklýsi, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtið. ESB L 305, 25.11.2022, bls. 53).
 - 13zzzzzzzzzzzzzb. **32022 R 2314:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2314 frá 25. nóvember 2022 um endurnýjun á samþykki fyrir virka efni *Pythium oligandrum* af stofni M1, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtið. ESB L 307, 28.11.2022, bls. 47).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 305, 25.11.2022, bls. 53.⁽²⁾ Stjtið. ESB L 307, 28.11.2022, bls. 47.

2. gr.

Texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2022/2305 og (ESB) 2022/2314, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 23. september 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 22. september 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Pascal Schafhauser

formaður

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.